

Ár 2013, þriðjudaginn 15. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör fiskistofustjóra

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Fiskistofustjóri er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 22. apríl 2013 frá fiskistofustjóra þar sem þess er óskað að kjararáð taki laun fiskistofustjóra til endurskoðunar. Í bréfinu kemur fram að hlutverk Fiskistofu sé meðal annars að annast framkvæmd laga og regna um fiskveiðar í sjó og fersku vatni. Jafnframt sé hlutverk Fiskistofu að annast stjórnsýslu og eftirlit á sviði fiskeldis og hvalveiða ásamt söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga varðandi ofangreinda þætti.

Í bréfinu segir að starfsemi Fiskistofu hafi tekið miklum breytingum undanfarin ár með tilkomu nýrra verkefna og ákveðinnar þróunar sem orðið hafi í sjávarútvegi og öðrum greinum sem snerta starfsemi stofnunarinnar. Kemur fram að með lögum nr. 81/2008 um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu hafi umfangsmikil verkefni verið færð til stofnunarinnar frá Matvælastofnun. Um leið hafi verkefni tengd matvælaeftirliti með sjávarafurðum verið flutt frá Fiskistofu til Matvælastofnunar. Á sama tíma hafi stjórnsýsla og eftirlit með fiskeldi verið færð til Fiskistofu, sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi. Með nýrri reglugerð um fiskeldi nr. 401/2012 hafi meðal annars verið settar ítarlegar reglur um eftirlit með fiskeldi og séu gerðar miklar kröfur um stjórnsýslu Fiskistofu og eftirlit með málaflokksnum. Fram kemur að áhugi á fiskeldi og umfang þess hafi aukist verulega undanfarin ár og eftirlits- og stjórnsýsluverkefni vegna málaflokksins séu mörg og flókin. Að auki annist Fiskistofa innheimtu fyrir Fiskræktarsjóð. Þegar hvalveiðar hófust á ný á árinu 2009 hafi Fiskistofu verið falið að annast eftirlit með hvalveiðum ásamt söfnun og skráningu upplýsinga um þær. Verkefninu fylgi samstarf við Norður Atlantshafs sjávarspendýraráðið (NAMMCO) og þátttaka í starfi þess.

Í bréfinu eru raktar margvíslegar breytingar í fiskveiðistjórnun á Íslandi á undanförunum árum sem sumar hverjar hafi haft mikil og víðtæk áhrif á starfsemi Fiskistofu, fjölgað verkefnum og aukið ábyrgð stofnunarinnar. Má þar nefna stjórnsýslu og eftirlit með frístundaveiðum í tengslum við ferðaþjónustu, sbr. lög nr. 66/2009, strandveiðum, sbr. lög nr. 32/2010 og makrílveiðum frá árinu 2010. Einnig hafi Fiskistofu verið falin framkvæmd laga nr. 70/2011 um breytingu á lögum um fiskveiðar en samkvæmt þeim sé ráðherra heimilt að draga frá aflamarki ákveðið hlutfall í hverri fisktegund sem meðal annars er ætlað að mæta byggðakvóta, línuvildun og afla strandveiðibáta. Með lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld hafi verið ákveðið að innheimta sérstakt veiðigjald til viðbótar hinu almenna veiðigjaldi, en Fiskistofa annist álagningu og innheimtu veiðigjalda. Samanlögð álagning almenns og sérstaks veiðigjalds í lok árs 2012 hafi numið rúmlega 12 milljörðum króna.

Að endingu er ítrekað að verkefni Fiskistofu hafi tekið miklum breytingum, þau stækkað að umfangi og flækjustig vegna þeirra hafi aukist verulega. Birtist það meðal annars í því að Fiskistofu hafi verið falið að annast leigu- og skiptimarkaði fyrir veiðiheimildir. Um leið hafi

álagning og innheimta sem Fiskistofu sé falin margfaldast. Ábyrgð og verksvið fiskistofustjóra hafi aukist að sama skapi. Telur fiskistofustjóri ekki óeðlilegt að við ákvörðun launakjara verði litið til stofnana sem annast álagningu gjalda fyrir ríkissjóð, innheimtu opinberra gjalda og rannsóknir á brotum er varða undanskot og svik.

Með bréfum dagsettum 3. maí 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 16. maí 2013. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Fiskistofu hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans þann 12. ágúst 1999, að öðru leyti en fram komi í bréfi hans.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 18. júní 2013. Í bréfinu er staðfest að verkefni Fiskistofu hafi verið að breytast og umfang þeirra aukist. Því verði ekki á mótum mælt að auknum verkefnum fylgi meiri ábyrgð sem geti réttlætt launahækkun. Ráðuneytið telur rétt að hafa hliðsjón af launum forstjóra Hafrannsóknarstofnunar og forstjóra Matvælastofnunar þó þannig að laun fiskistofustjóra verði ekki hærri en laun þeirra.

Með bréfi dagsettu 26. júní 2013 fékk fiskistofustjóri send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi fiskistofustjóra dagsettu 2. júlí 2013 segir að laun fiskistofustjóra eigi í það minnsta að vera jafnhá launum forstjóra Hafrannsóknarstofnunar og forstjóra Matvælastofnunar.

III.

Samkvæmt lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu skal Fiskistofa starfa að stjórnarsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl. sem nánar er kveðið á um í lögnum. Fiskistofa heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Einnig skal Fiskistofa annast stjórnarsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl. Fiskistofa skal annast úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis o.fl. sem og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

Samkvæmt lögum um veiðigjald nr. 74/2012 annast Fiskistofa álagningu og innheimtu veiðigjalda.

Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki

þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun fiskistofustjóra en kjaranefnd ákvað honum laun 12. ágúst 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Umfang starfsemi Fiskistofu hefur aukist og breyst og gefur það tilefni til breytinga á launakjörum fiskistofustjóra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun fiskistofustjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2013 skulu mánaðarlaun fiskistofustjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 764.558 krónur. Að auki skal greiða honum 21 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör fiskistofustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson